

## Fréttabréf Viðskiptaráðs 27. nóvember 2009

---

### Gagnleg umræða um áhrif banka á rekstrarumhverfi fyrirtækja

Í gærmorgun hélt Viðskiptaráð Íslands fjölsóttan morgunverðarfund á Grand Hótel til að ræða áhrif banka á rekstrarumhverfi fyrirtækja og leiðir til lausnar á ýmsum álitamálum sem þeim geta tengst.

Á fundinum tóku til máls Þórður Sverrisson forstjóri Nýherja, Þorsteinn Þorsteinsson stjórnarformaður Bankasýslu ríkisins, Birna Einarsdóttir forstjóri Íslandsbanka, Finnur Sveinbjörnsson forstjóri Arion banka og Ásmundur Stefánsson, forstjóri Landsbankans. Auk framsögumanna tóku þátt í pallborðsumræðum Linda Björk Gunnlaugsdóttir forstjóri A. Karlsson, Úlfar Steindórsson forstjóri Toyota á Íslandi og Páll Gunnar Pálsson forstjóri Samkeppniseftirlitsins. Með fundarstjórn fór Finnur Oddsson framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, en umræðum í pallborði stýrði Ólafur Stephensen blaðamaður.

Eftirfarandi framsöguerindi voru haldin:

- **Þórður Sverrisson** fjallaði um samkeppnisaðstæður fyrirtækja í bankakreppu og þá einna helst hvernig yfirtaka banka á fyrirtækjum hefði áhrif á samkeppnisaðila þeirra. Þórður sagði að flestir markaðir hefðu dregist verulega saman frá hruninu og því væri minna pláss fyrir fyrirtæki á mörgum mörkuðum. Umframafkastagetu atvinnulífsins þyrfti að laga að þessum samdrætti í eftirspurn. Ef bankar ætla að halda ólífvænlegum fyrirtækjum gangandi sé ljóst að þeir vinni gegn umræddri aðlögun á afkastagetu, sem gæti á endanum leitt til þess að enn fleiri fyrirtæki lendi í rekstrarerfiðleikum. Bankarnar ættu því að selja slík fyrirtæki strax eða setja í þrot, frekar en að endurskipuleggja þau og efla, svo komist verði hjá verulegum samkeppniströskunum.
- **Þorsteinn Þorsteinsson** ræddi um fjármagnsskipan ríkisbanka og sagði markmiðin í samningaviðræðum gömlu og nýju bankanna og ríkisins hafa verið þrjú; að halda bankakerfinu gangandi, að kröfuhafar fengju hámarks endurgjald og að ríkið fengi hæfilega ávöxtun af eiginfjárframlagi sínu. Í máli Þorsteins kom jafnframt fram að bankarnir yrðu allir brátt fullfjármagnaðir, með um 2.200 ma.kr. samanlagðan efnahagsreikning og ættu að vera fullfærir til að sinna endurskipulagningu fyrirtækja og öðrum úrlausnarefnum. Vegna þess væru allar forsendur til að endurreisa traust á bönknum, en það væri bankanna að vinna að því marki.
- **Finnur Sveinbjörnsson** fór í erindi sínu yfir endurskipulagningu eignarhalds fyrirtækja og meginmarkmið í rekstri eignaumsýslufélaga bankanna og bankanna sjálfra. Þar kom fram að markmiðin væri þau sömu hvað varðar rekstur eignaumsýslufélaganna og bankanna sjálfra, þ.e. hámarksverðmæta. Endurskipulagningarferli fyrirtækja yrði að meta í ljósi þessa markmiðs, ekki út frá persónum enda væru bankarnir ekki dómstólar. Þá væri það jafnframt hluti af verklagsreglum bankans að ræða við eigendur og stjórnendur um mögulegar lausnir. Aðalatriðið að mati Finns væri að allir áttuðu sig á því að ef dugnaðarleysi og ákvörðunarfærni færðist yfir þá myndu þjóðfélagið staðna og kreppan lengjast.
- **Ásmundur Stefánsson** ræddi í erindi sínu áherslur í rekstri fyrirtækja sem eru í umsjón banka. Ásmundur fjallaði þar um eignarhaldsfélög bankans, en þau eru rekin sjálfstætt utan sviða bankans. Þá lagði Ásmundur áherslu á að endurskipulagning fyrirtækja væri ekki einfalt ferli, enda kæmi þar margvísleg til skoðunar og að mörgum óvissuþáttum þyrfti að huga. Hvað mögulegar samkeppnistraskanir varðaði sagði Ásmundur að þau fyrirtæki sem bankarnir tækju yfir yrðu að halda áfram á markaði, enda ætti yfirtakan sem slík ekki að leiða til þess að fyrirtækin störfuðu

öðruvísi en áður. Fáir kaupendur kæmu í veg fyrir að fyrirtækin yrðu seld strax með öðrum leiðum en brunaútsölum. Þá gætu ákvarðanir um að setja fjölda fyrirtækja í þrot, til hagsbóta fyrir samkeppnisaðila, haft neikvæð áhrif á samkeppnisaðstæður.

- **Birna Einarsdóttir** fór yfir rekstrargrunn nýrra banka og ræddi þar m.a. nýlega ákvörðun gamla bankans að taka yfir Íslandsbanka. Að mati Birnu blasti við mikill vandi fyrir rúmu ári síðan og vegna þess hefði áhersla bankanna verið á að bjóða neyðarskammtímalausnir. Þá sagði Birna jafnframt að árið 2010 færi að meginstefnu til í endurskipulagningu fyrirtækja, þar sem höfuðstólsleiðrétting erlendra lána kæmi jafnvel til greina. Að hennar áliti hefði bankinn fulla burði til að þjónusta fyrirtækin í því ferli.

Í pallborðsumræðum kom m.a. eftirfarandi fram:

- **Páll Gunnar Pálsson** taldi augljóst að bankarnir hefðu mikið vægi við endurskipulagningu fyrirtækja. Samkeppniseftirlitið væri nú að fylgja eftir þeim tilmælum sem það beindi til bankanna í þessu ljósi. Að mati Páls þyrfti aukið gagnsæi, en að ákvarðanir um endurskipulagningu ætti að taka á viðskiptalegum forsendum. Þá minnti Páll á að meginmarkmið samkeppnislaga væri að standa vörð um samkeppnisaðstæður fyrir samfélagið í heild, ekki eingöngu samkeppnisaðila.
- **Linda Björk Gunnlaugsdóttir** sagði uggvænlegt að bönkunum væri nánast í sjálfvald sett að meta, í endurskipulagningarferlinu, hvað væri best fyrir samkeppni. Að hennar mati veki það t.a.m. furðu að fyrirtæki í umsjón bankanna væru að feta sig inn á nýja markaði.
- **Úlfar Steindórsson** taldi skýran skort hafa verið á samráði við helstu hagsmunaaðila við undirbúning verklaagsreglna bankanna. Reglurnar séu ekki nægjanlega skilvirkar þar sem flestir sem komu að undirbúningi reglnanna hefðu takmarkaða reynslu af rekstri atvinnufyrirtækja.

Frekari umfjöllun um fundinn ásamt ræðum og glærukynningum framsögumanna má nálgast [hér](#).

### Skýrsla um ríkisfjármál

Viðskiptaráð hefur um árabíl látið sig varða aðgerðir stjórnvalda á sviði ríkisfjármála. Í þeim efnunum hefur ráðið barist fyrir samkeppnishæfara skattkerfi fyrir atvinnulíf og almenning. Um leið hefur ráðið vakið athygli á mikilvægi þess opinber útgjöld vaxi ekki úr hófi. Til að leggja stjórnvöldum lið í því verkefni hefur ráðið m.a. lagt til grundvallarbreytingar á ferli og viðmiðum fjárlagagerðar, en þær tillögur voru ræddar í skýrslu ráðsins frá 2008 [Útþensla hins opinbera: orsakir, afleiðingar og úrbætur](#).

Þá hefur Viðskiptaráð fylgst náið með aðgerðum stjórnvalda á sviði ríkisfjármála á undanförunum vikum og mánuðum, sem margar hverjar eru afar misráðnar. Bæði fjárlagafrumvarp næsta árs og nýleg frumvörp á sviði skattlagningar bera með sér ríka niðurskurðarfærni af hálfu stjórnvalda – á tímum þegar lítið svigrúm er til slíkra viðhorfa. Til að liðsinna stjórnvöldum í þeim erfiða vanda sem ríkissjóður stendur frammi fyrir hefur ráðið skoðað mögulegar leiðir til úrlausnar.

Um miðjan desember verða niðurstöður þessarar vinnu kynntar með útgáfu skýrslu þar sem þær tillögur sem heppilegt væri að stjórnvöld tækju til nánari skoðunar við aðlögunaraðgerðir sínar í ríkisfjármálum verða reifaðar.

## Bjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Hér er eingöngu um stutta samantekt að ræða, sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Þjónustujöfnuður við útlönd var jákvæður um rúma 20 ma. kr. á þriðja ársfjórðungi** skv. bráðarbirgðatölum Hagstofunnar, en afgangur af þjónustujöfnuðu það sem af er árinu er um 30 ma. kr.
- **Að meðaltali var 0,8% hagvöxtur á þriðja ársfjórðungi hjá aðildarríkjum OECD**, sem gefur frekari fyrirheit um að heimskreppan sé á undanhaldi.
- **Hagvöxtur í Bandaríkjunum á næsta ári verður á bilinu 2,5-3,5%** skv. nýútgefinni hagspá Seðlabanka Bandaríkjanna, en spáin er bjartari en sú sem birt var fyrr á árinu.
- **Dráttarvextir lækka um prósentustig um næstu mánaðarmót** skv. ákvörðun Seðlabankans og þó hér sé um lítið skref að ræða þá er það í rétta átt.
- **Íslensk fyrirtæki halda áfram að sækja fram á erlendum vettvangi**, en 66° Norður hyggst opna í fyrsta skipti verslun í Noregi og TM Software hefur þróað hugbúnaðarlausn fyrir bresku ferðaskrifstofuna Inghams.
- **Tölvuframleiðandinn HP tilkynnti um 15% hagnað á þriðja ársfjórðungi** og bætist þar með í hóp fjölda stórfyrirtækja sem skilað hafa góðum uppgjörum á tímabilinu.
- **Stjórnvöld hyggjast heimila auknar úttektir af séreignarsparnaði einstaklinga**, sem mun bæði auka ráðstöfunartekjur fjölda heimila og afla ríkissjóði og sveitarfélögum viðbótar skatttekjur.
- **Söluaukning var á bílamarkaði í Evrópu uppá rúm 11% í október m.v. sama tímabil í fyrra**, sem almennt má telja merki um efnahagsbata.
- **Bankastjórar nýju bankanna hafa tekið vel í þá hugmynd að skrá fyrirtækja í þeirra umsjón á markað**, en skráning þeirra yrði vafalaust lyftistöng fyrir íslenskan hlutabréfamarkað.
- **Titan Global hyggst reisa gagnaver hérlendis** og bætist þar með í hóp fleiri aðila, sem mun án efa auka eftirspurn á almennum vinnumarkaði.
- **Skuldabréfaútboði Kópavogsbæjar lauk í vikunni en slík útboð hafa verið tíð að undanfögnu**, sem gefur til kynna aukinn áhuga og aukna burði fagfjárfesta til að taka þátt í endurreisnarstarfinu.
- **Rannsóknir um byggingu saltorkuvers hérlendis eru komnar vel á veg**, en ef vel til tekst bætist í flóru náttúrulegra orkugjafa hérlendis.
- **90% lítilla fyrirtækja og meðalstórra fyrirtækja sem eru í viðskiptum við Arion banka eru í lagi**, eins og fram kom í ræðu Finns Sveinbjörnssonar forstjóra á hádegisverðarfundum FVH.
- **Alþjóðlegu athafnavikunni lauk í síðustu viku** þar sem fjöldi fólks og fyrirtækja lagði sitt af mörkum til aukinnar nýsköpunar og athafnasemi.

Góða helgi.